

tekið tillit til þess, þótt áfrýjandi nú fyrir dómstólunum vilji færa sönnur á, að hann hafi haft mikið minni tekjur, en skattanefndin ákvað. Skattgjaldskrafa hins stefnda á hendur áfrýjanda var því lögmæt og var rjett að hún væri innheimt með lögtaki. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða fógetarjettarúrskurð, og virðist áfrýjandi eigi geta komizt hjá því, að greiða hinum stefnda hæfilegan málskostnað, er ákveðst 10 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður á að vera óraskaður. Sem málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn, Ísleifur Einarsson, hinum stefnda bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni 10 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 5. marzmánaðar.

Nr. 27 1893:

Rjettvísín

gegn

Tómasi Tómassyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Rangárvallasýslu, uppkveðnum 27. septbr. 1892, var hinn ákærði Tómas bóndi Tómassón á Hrutafelli dæmdur samkvæmt 146. gr. almennta hegningarlaga og með hliðsjón til 58. gr. og 24. gr. sömu laga til að sæta fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði, svo og til að greiða allan

af málinu leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns síns í hjerði 5 kr. Dómi þessum hefur eptir ósk hins dómfellda og fyrir hönd rjettvísinnar verið áfrýjað til yflróðmsins.

Veturinn 1890—91 hjelt sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu rannsóknir miklar í Austur-Eyjafjallahreppi, þar sem ákærði á heima, um fjöruferðir manna, því að grunur ljek á um, að ýmsir menn þar tækju til sín af fjörum meira en þeim tilheyrði. Kom þá sýslumaður 4. febrúar á heimili ákærða, setti rjett yfir honum fyrirvaralaust og tók að spyrja hann um fjöruferðir hans og nágranna hans. Skýrði þá ákærði svo frá fyrir rjettinum, að eigi hefði fyrirfarandi verið farið optar frá sjer á fjöru, en 3 til 4 sinnum á ári, en að hann hefði enga hugmynd um, hvort menn frá Hrutafellskoti (hjáleigu frá Hrutafelli) hafi farið opt eða sjaldan á fjöru og gæti ekkert sagt, er gæti gefið upplýsingu um, hvernig menn frá kotinu hefðu stundað fjöruna. Hann kvaðst heldur eigi vita til eða hafa orðið var við á annan hátt eða heyrt, að menn í kotinu hafi tekið af Hrutafellsfjöru meira en hann áliti að þeim bæri með rjettu. Þennan framburð kvaðst ákærði eigi vilja leiðrjetta í neinu, en vera reiðubúinn að staðfesta með eiði, og ljét dómarrinn hann þá þegar vinna eið að honum. Síðar um daginn hinn sama dag mætti ákærði fyrir lögreglurjetti að Þorvaldseyri, og skýrði hann þá frá, að hann hefði heyrt að fólk í Hrutafellskoti hefði farið mjög opt á Hrutafellsfjöru og að það hefði verið djarftækt á fjörum og hefði hann grunað það um að hafa tekið meira en það átti með rjettu, án þess þó að vita nein sjerstök atvik, eða hafa heyrt um sjerstök atvik, er gæfu grun um þetta, en gruninn hefði einna mest vakið það, að hann hefði

komizt að því, að menn frá Hrótafellskotu hefðu farið iðulega á fjöru á næturnar. Um eigin fjöruferðir sínar kannaðist hann þá og við, að hann hefði áður um daginn sagt þær færri, en þær hefðu verið í raun og veru, og hafi það orðið af athugaleysi og án þess hann hafi viljað segja vísvitandi ósatt. Orsökinn til þess, að hann eigi skýrði áður rjett frá um fjöruferðir Hrótafellskotsfólksins kvað hann einnig heimsku sína og fákænsku, enda hafi hann aldrei fyr komið fyrir rjett. Dómarinn hefur vottað að ákærði, er hann gaf þessa síðari skýrslu sína, hafi virzt hiklaust vilja segja allt hið sannasta, er hann sýndist vita um málið, en daginn eptir, að afloknu nýju rjettarhaldi, þar sem ákærði staðfesti að öllu leyti hinn síðari framburð sinn, úrskurðaði hann, að ákærða skyldi setja í gæzluvarðhald, og var ákærði í því í 4 vikur.

Eins og saga málsins hjer að framan með sjer ber, hefur ákærði borið ranga skýrslu fyrir rjetti og staðfest hana með eiði. En með því að álíta verður að ákærði hafi haft ástæðu til þess eins og á stóð, og eptir framkomu dómarans og spurningum, að ætla, að málið varðaði sjálfan hann, þá virðist eiga að heimfæra brot hans undir 148. gr. hegningarlaganna, fyrri lið, en hegningu þá, er ákærði, sem er fæddur 1. apríl 1831 og aldrei áður hefur sætt hegningu fyrir nokkurt lagabrot, og sem að vottun dómarans er mjög fáfróður, og þótt hann hafi fulla skynsemi, er fremur skilningssljór og fákænn, hefur til unnið samkvæmt nefndri lagagrein, virðist, með skýrskotun til 58. og 59. gr. hegningarlaganna, mega álíta afplánaða með 4 vikna gæzluvarðhaldi því, er fyr er getið, og sem þykir hafa verið á hann lagt án þess næg ástæða væri til. Málskostnað-

arákvæði undirdómsins ber að staðfesta og ber hinum ákærða og að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra. Hvað rekstur málsins í hjeraði áhrærir, þá hefur hann orðið töluvert seinfara, en undirdómarinn hefur fært nokkurnveginn fullnægjandi ástæður fyrir þeim drætti, og virðist mega hlíta þeim. Á hinn bóginn verður yfirdómurinn að álíta það vítavert af undirdómaranum, að hann ljét ákærða þegar í stað eiðfesta hina fyrri skýrslu sína, sem þó enga þýðingu gat haft fyrir málið sjálft, og að hann hjelt ákærða í 4 vikur í gæzluvarðhaldi af því, eins og segir í varðhaldsúrsknrðinum, að ákærði »hefur borið rangan vitnisburð fyrir rjetti og unnið eið að honum«, en þessi ástæða var eigi einhlít til að svipta ákærða frelsi, eptir að hann hafði að dómarans eigin vottun játað brot sitt afdráttarlaust. Málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Gæzluvarðhald ákærða, Tómasar bónda Tómassonar, sem getið er um hjer að ofan, á að koma í stað hegningar. Ákærði greiði allan af málinu gegn honum fyrir undir- og yfirdómi leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða verjanda í hjeraði, Sighvats Árnasonar, 5 kr., og til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hann esar Thorsteinson og landritara Hannesar Hafstein, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.